

## Aðalfundur FS haldinn föstudaginn 30. maí 2025 kl. 14:00 á Grand hóteli

Fundur settur kl. 14:00 af formanni félagsins Árna Sverrissyni (ÁS).

Alls voru mættir á fundinn 25 félagsmenn, 17 voru í sal og 8 á fjarfundi.

Gengið til fundarstarfa samkvæmt dagskrá.

Að venju bað formaður fundarmenn um að rísa úr sætum og minnst látinna féлага.

Kosning fundarstjóra og ritara. Árni Sverrisson (ÁS) stakk uppá Hauki Erni Birgissyni sem fundarstjóra og Páli Ægi Péturssyni sem fundarritara. Sú tillaga var samþykkt.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kannaði með lögmæti fundarins og var það allt samkvæmt lögum félagsins. Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við fundarboðun

### Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á næst liðnu ári.

ÁS sagði frá því að á árinu 2024 hefði í fyrsta skipti verið kosin ný stjórn í félaginu samkvæmt nýju fyrirkomulagi, áður var listakosning í félaginu, en samkvæmt breyttu fyrirkomulagi í kjölfar endurskoðunar á lögum félagsins á árinu 2021, þá var nú í fyrsta sinn kosið rafrænt, allir félagsmenn gátu gefið kost á sér til formanns og til stjórnar í félaginu. Ný stjórn fyrir tímabilið 2024 til 2028 tók við þann 1. júní 2024, hún er þannig skipuð: Formaður Árni Sverrisson, varaformaður Pálmi Gauti Hjörleifsson skipstjóri á togaranum Kaldbak, ritari Heimir Karlsson skipstjóri á Lagarfossi, Einar Pétur Eiríksson yfirstýrimaður á togaranum Viðey, Friðrik Höskuldsson yfirstýrimaður á varðskipinu Freyju, Jón Frímann Eiríksson skipstjóri á togaranum Viðey, Kristinn Hólm Ásmundsson skipstjóri á togaranum Frosta, Tryggvi Eiríksson skipstjóri á frystitogaranum Baldvin Njálssyni og Vignir Traustason Hafnsögumaður og skipstjóri á Akureyri. Í varastjórn voru kosnir jafnmargir, sjá nöfn þeirra á heimasíðu félagsins. ÁS þakkaði sérstaklega fráfarandi stjórnarmönnum fyrir störf þeirra fyrir félagið og óskaði þeim velfarnaðar.

Á árinu 2024 voru haldnir 8 formlegir stjórnarfundir.

ÁS sagði stærstu eign hvers stéttarfélags vera kjarasamninga þess, hann reifaði stöðuna í kjarasamningum og kom þar m.a. fram að lítið hafi þokast í samningsátt í kjaraviðræðum við samninganefnd ríkisins (SNR) vegna Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunar, málið er hjá ríkissáttasemjara, fundað er reglulega en kjarasamningar þeirra hafa verið lausir í 14 mánuði frá 1. apríl 2024. Aðrir kjarasamningar hafa verið endurnýjaðir til fjögurra ára til ársins 2028.

ÁS sagði frá nokkrum málum sem félagið kom að á árinu 2024:

1. Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar. 30/30, ÁS situr í starfshópi sem hefur það hlutverk að skilgreina áherslur um verndun hafsvæða innan íslenskrar lögsögu til samræmis við markmið alþjóðasamninga.
2. ÁS sendi margar umsagnir fyrir hönd félagsins í samráðsgátt og til nefnda alþingis, td. um breytingar og lagfæringar á lögum er varða sjávarútveg, um Verðlagsstofu skiptaverðs, um bann og breytingar á lögum um hvalveiðar, um verndarsvæði í hafi, um fjárlög, um líffeyrisréttindi ofl.
3. Í góðu samstarfi við skipstjóra, útgerðir og SFS tókst að fá útgefinn kvóta í djúparfa, en það var eitt af síðustu verkefnum fráfarandi forsætisráðherra að gefa út 3.800 tonna kvóta, þannig að unnt var að halda áfram veiðum á grálúðu og gulllaxi.
4. Alþjóðlegt samstarf ÁS og Páls Ægis í Nordisk, félagsskapur skipstjórnarmanna féлага á norðurlöndum og ÁS í fiskimannadeild ITF.

5. Menntunarmál, staðan er óbreytt, það er óánægja meðal margra um menntun skipstjórnarmanna. Við erum þeirrar skoðunar að náminu í skipstjórn sé best borgið í sjálfstæðum skóla í húsinu okkar Sjómannaskólanum.
6. Keyptar voru tvær nýjar íbúðir á Akureyri í Austurbrú nr. 10, og ein íbúð seld í Furulundi. Nú á félagið 4 íbúðir á Akureyri.
7. Hundahald var leyft í Ægisbóli .
8. Ákveðið var að kanna kaup á sumarhúsi í Skorradal og endurnýja íbúðir í Reykjavík.

### Ársreikningur fyrir 2024.

ÁS fór yfir reikninga félagsins, en þeir eru með hefðbundnum hætti. Tekjur félagsins voru heldur lægri en árið 2023, vegna loðnubrests. Ársreikningur félagsins var borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

Engar kosningar í ráð né nefndir á þessum fundi.

### Ákvörðun stjórnarlauna

Tillaga stjórnar var að stjórnarlaun yrðu óbreytt eða 50.000 fyrir fund, það var samþykkt samhljóða.

### Önnur mál

Á aðalfundi í Vísi félagi skipstjórnarmanna á Suðurnesjum sem haldinn var þann 29. desember 2024 var samþykkt tillaga formanns um að óska eftir sameiningu við Félag skipstjórnarmanna. Í framhaldi af því var haldinn atkvæðagreiðsla um sameininguna meðal félagsmanna í Vísi, þar sem sameiningin var samþykkt með 69,39% atkvæða. Stjórn FS leggur til að sameiningin verði samþykkt. ÁS sagði frá aðdraganda sameiningarinnar. Þar kom m.a. fram að Vísir fær áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum FS út kjörtímabilið 2024 til 2028.

Fundarstjóri las upp tillögu um sameiningu Vísis við Félag skipstjórnarmanna og að formanni FS verði falið að ganga frá sameiningunni með formanni Vísis.

Fundurinn samþykkti sameininguna samhljóða.

Fundarstjóri lagði til að stjórn félagsins verði falin útfærsla á sameiningunni .

Páll Ægir sagði frá störfum fagráðs um siglingar en ný stjórn var kosin í vor. Starf ráðsins hafði þá legið niðri í um eitt ár vegna ríkisstjórnarskipta á síðasta ári. Nýr innviðaráðherra, Eyjólfur Ármannsson skipaði Pál Ægi Pétursson sem nýjan formann og Katrínu Pálsdóttur lögfræðing í innviðaráðuneytinu sem varaformann. Aðrir ráðsmenn eru tilnefndir af Innviðaráðuneytinu, Félagi skipstjórnarmanna, VM, Sjómannasambandi Íslands, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum verslunar og þjónustu, Vegagerðinni Samtökum ferðaþjónustunnar, Landhelgisgæslunni, Hafnarsambandi Íslands, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Landsambandi smábátaeiganda og Slysavarnafélaginu.

Nýskipað fagráð um siglingar hefur haldið tvo fundi og kynnti PÆ fyrir fundarmönnum helstu mál sem voru á dagskrá en m.a. má nefna styrki til hugvitsmanna en ár hvert veitir fagráð um siglingar styrki til ýmissa rannsóknarverkefna sem tengjast öryggi skipa, atvinnusjómannna, farþega og búnaðar um borð í skipum sem og verkefna sem snúa að heilsusamlegu umhverfi sjófaranda.

Fulltrúi Samgöngustofu hélt fyrirlestur um hafnarríkiseftirlit og fulltrúi Landhelgisgæslunnar um samstarf Gæslunnar við erlendar strndgæslur og fl. aðila vegna ýmissa ógna sem steðja að okkur á hafsvæðinu í

kringum landið. Einnig sagði PÆ frá ráðstefnu á vegum Þjóðaröryggisráðs sem haldin var í Hörpu í apríl sl. Á ráðstefnuna komu um 200 manns og voru ræðumenn úr ýmsum áttu og þar á meðal fimm ráðherrar. Aðaláherslan var á þjóðaröryggi og málefni hafsins s.s. vistkerfi, öryggisógnir, varnarsamvinna á hafi, menntun sjófarenda og réttarvarsla á hafinu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:35

  
Árni Sverrisson.

Árni Sverrisson formaður

  
Páll Ægir Pétursson

Páll Ægir Pétursson fundarritari

